

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 1/1988, bætist nýr töluliður er orðist svo:

23. Sérhæfðar vélar og tæki til garðyrkju eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Jónsson.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breytingu á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við XI. kafla búfjárræktarlaga, nr. 31/1973, bætist ný grein, er verði 64. gr. a, svohljóðandi:

Sveitarstjórnnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa, sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.